

Sankvæmt 2. og 5. gr. laga nr. 47 frá 1932 um lækningaleyfi o. fl. er hér með staðfest eftirrituð

15
20. febr.

REGLUGERÐ

um framhaldsnám kandidata í læknisfræði til að geta öðlzt ótakmarkað lækningaleyfi og um sérmenntun lækna til að geta öðlzt sérfræðingaleyfi.

1. gr.

Til þess að geta átt rétt á ótakmörkuðu lækningaleyfi skal viðkomandi kandidat í læknisfræði færa sönnur á, að hann hafi notið að minnsta kosti þess framhaldsnáms, er hér segir.

1. Unnið kandidatsvinnu í eitt ár á viðurkenndu, meiri háttar sjúkrahúsi eða sjúkrahúsum (á almennu sjúkrahúsi eða bæði á lyflækninga- og handlækningadeild).
2. Unnið kandidatsvinnu í einn mánuð á viðurkenndri meiri háttar fæðingastofnun.

Þeir, sem hafa starfað í eitt ár sem fastráðnir kandidatar á Landsspítalanum, eru undanþegnir hinu síðarnefnda skilyrði.

2. gr.

Til þess að geta átt rétt á sérfræðingaleyfi skal viðkomandi læknir hafa lokið kandidatsprófi í læknisfræði með I. einkunn, hafa ótakmarkað lækningaleyfi hér á landi og færa síðan sönnur á, að hann hafi notið að minnsta kosti þeirrar menntunar í sérgrein sinni við störf á viðurkenndu, meiri háttar sjúkrahúsi eða sjúkrahúsum, er hér segir:

1. **Lyflæknar:** Þriggja ára starf á lyflækningadeild, þar af þó þriggja mánaða starf á farsóttadeild. Tvö ár af þessum tíma skal læknirinn hafa verið aðstoðarlæknir á Landsspítalanum eða jafngildu sjúkrahúsi
2. **Handlæknar:** Þriggja ára starf á handlækningadeild. Tvö ár af þessum tíma skal læknirinn hafa verið aðstoðarlæknir á Landsspítalanum eða jafngildu sjúkrahúsi.

Nú færir læknir, er fullnægir skilyrðum um sérfræðingaleyfi í lyflækningum eða í handlækningum, sönnur á, að hann hafi kynnt sér sérstaklega og mjög rækilega einstakar greinar innan þessara sérgreina, svo sem í lyflækningum hjartasjúkdóma, magasjúkdóma o. s. frv., eða í handlækningum þvagsjúkdóma, liða- og beinasjúkdóma o. s. frv., og er þá heimilt að láta þess getið í sérfræðingsviðurkenningu hans.

3. **Berklalæknar:** Hálfis árs starf á lyflækningadeild og tveggja ára aðstoðarlæknisstarfi á heilsuhæli.
4. **Barnalæknar:** Tveggja ára starf á barnasjúkrahúsi eða barnasjúkdómadeild og þriggja mánaða starf á farsóttadeild.
5. **Taugasjúkdóma- og geðveikralæknar:** Tveggja ára starf á geðveikrahæli og eins árs starf á taugasjúkdómadeild.

- 15 6. **Kvensjúkdóma- og fæðingalæknar:** Hálfis annars árs starf á kvensjúkdóma-
20. febr. deild, hálfis árs starf á handlækningadeild (eða tveggja ára starf á hand-
lækningadeild, þar sem allmikið fellur til af kvensjúkdómum) og eins árs
starf á fæðingadeild.
7. **Háls-, nef- og eyrnalæknar:** Hálfis árs starf á handlækningadeild og tveggja
ára starf á háls-, nef- og eyrnasjúkdómadeild.
8. **Augnlæknar:** Tveggja ára starf á augnlækningadeild.
9. **Geislalæknar:** Tveggja ára starf á geislalækningadeild og þriggja mánaða
starf á húðsjúkdómadeild.
10. **Nuddlæknar:** Tveggja ára starf á fysiurgiskri deild, þriggja mánaða starf
á taugasjúkdómadeild og þriggja mánaða starf á handlækninga- eða ortho-
pædiskri deild.
11. **Húð- og kynsjúkdómalæknar:** Tveggja og hálfis árs starf á húð og kynsjúk-
dómadeild.
12. **Tann- og munnsjúkdómalæknar:** Próf við viðurkenndan tannlækninga-
skóla, hálfis árs aðstoðarlæknisstarf á viðurkenndri, meiri háttar tannlæk-
ningastofu, hálfis árs starf á handlækningadeild og þriggja mánaða starf á
háls-, nef- og eyrnasjúkdómadeild.

Sérfræðingaleyfi í öðrum greinum en hér eru taldar má veita læknum eftir
tillögum læknadeildar háskólans og landlæknis, enda séu ekki gerðar síðri
kröfur til umsækjenda um sérmenntun og annað en þegar um þær sérgreinir er
að ræða, er sérstaklega getur í þessari reglugerð.

3. gr.

Til þess að geta átt rétt á viðurkenningu fyrir því að vera **sérfróður til
embættislæknisstarfa** skal viðkomandi læknir auk hinna almennu skilyrða fyrir
sérfræðingaleyfi samkvæmt 2. gr. (sbr. 1. málsg. 2. gr.) færa sönnur á, að hann
hafi notið að minnsta kosti þeirrar sérmenntunar, er hér segir: Hálfis árs starf á
heilsuhæli, þriggja mánaða starf á farsóttadeild, þriggja mánaða starf á barna-
sjúkdómadeild, þriggja mánaða starf á húð- og kynsjúkdómadeild og þriggja
mánaða starf á geðveiðrahæli, allt á viðurkenndum, meiri háttar sjúkrahúsum.
Hann skal hafa kynnt sér sérstaklega almenna sjúkdómsgreiningu með Röntgen-
tækjum, einkum með tilliti til slysa og berklaveiki, sjúkdómsgreiningu hinna
þýðingarmestu augnsjúkdóma, einkum með tilliti til glákublindu, svo og algeng-
ustu tannsjúkdóma og einfaldar tannviðgerðir. Hann skal og hafa kynnt sér sér-
staklega algeng heilbrigðisfræðileg störf og rannsóknir, einkum með tilliti til
gildandi lagafyrirmæla til verndar heilbrigði almennings (eftirlit með matvæl-
um, skólaskoðun o. s. frv.), svo og algengar réttarlæknisaðgerðir, þar á meðal
réttarkrufningar. Loks skal hann hafa þjónað læknishéraði í tvö ár og skilað
vandaðri ársskýrslu fyrir eitt ár.

4. gr.

Nú hefir læknir, er sækir um sérfræðingaleyfi samkvæmt 2. gr. eða viður-
kenningu fyrir því að vera sérfróður til embættislæknisstarfa samkvæmt 3. gr.,

ekki lokið kandidatsprófi í læknisfræði með I. einkunn, en hins vegar skrifað doktorsritgerð eða aðra ritgerð um efni, er varðar sérgrein hans og byggð er að verulegu leyti á eigin athugunum og rannsóknnum, og getur hann þá átt rétt á sérfræðingaleyfinu eða viðurkenningunni, ef læknadeild háskólans metur ritgerðina gilda.

15
20. febr.

5. gr.

Það skal metin gild sönnun fyrir sérmenntun læknis samkv. 2. og 3. gr., ef hann hefir verið fastráðinn aðstoðarlæknir tilskilinn tíma við tilskilið sjúkrahús eða sjúkrahúsadeildir. Það skal og metin gild sönnun fyrir sérmenntun læknis, ef hann hefir verið aukalæknir tilskilinn tíma við sjúkrahús eða sjúkrahúsadeildir, sem ráðherra hefir samið við um sérmenntun lækna, enda hafi hann þaðan góðan vitnisburð.

Af þeim, sem aflað hefir sér sérmenntunar á annan hátt en segir í fyrri málsgrein þessarar greinar, skal þess krafizt, að hann bendi á yfirlækni eða yfirlækna við tilskilin sjúkrahús eða sjúkrahúsadeildir, er vilji gefa ráðherra trúnaðarumsögn um hann, enda hafi hann starfað sem læknir tilskilinn tíma við þau sjúkrahús eða sjúkrahúsadeildir. Snýr landlæknir sér þá til viðkomandi yfirlæknis eða yfirlækna, og skal gildi sérmenntunarinnar metið samkvæmt þannig fenginni umsögn eða umsögnum.

Að svo miklu leyti, sem ekki er tilskilið um sérmenntun lækna samkvæmt 3. gr. að þeir afli sér hennar við störf á sjúkrahúsum, skal krafizt gilda vottorða frá viðurkenndum sérfræðingum um sérnámið, og má krefjast trúnaðarumsagna samkvæmt 2. málsgr. þessarar greinar, ef ástæða þykir til.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi og fellur þá jafnframt úr gildi reglugerð nr. 116, 30. desember 1932, um skilyrði fyrir veitingu lækningaleyfis og sérfræðingaleyfis samkvæmt lögum nr. 47, 23. júní 1932.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 20. febrúar 1936.

Haraldur Guðmundsson.

Friðg. Bjarnarson.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir „Hvammstangasjóð“, útgefin 6. marz 1936 á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ fyrir „Hvammstangasjóð“.

16
6. marz

1. gr.

Sjóðurinn heitir „Hvammstangasjóður“. Hann er stofnaður af eignum þeim, er „Málfunda- og Ungmennafélagið á Hvammstanga“, er starfaði þar á árunum